

## LÖG

### um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (byggðakvóti og framlenging bráðabirgðaákvæða).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli afla-hlutdeilda.

3. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heim-ild í 5. mgr. 8. gr. til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít, ufsa, löngu, keilu og gullkarfa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Byggðastofnunar, að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo sem efni samnings, skilyrði og tímalengd.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. mgr. 11. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „þorski, ýsu og steinbít“ í 1. og 2. málsl. kemur: þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa.
2. Í stað orðanna „Línuvílnun í þorski“ í 5. málsl. kemur: Línuvílnun í þorski, ýsu, stein-bít, löngu, keilu og gullkarfa.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V, XIII, XIV og XV í lögunum falla brott.

Nr. 72

16. júní 2016

6. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum:  
a. Í stað ártalanna „2014/2015“ í 1. másl., sbr. 10. gr. laga nr. 48/2014, kemur: 2016/2017.  
b. Í stað orðanna „innan mánaðar“ í 2. másl., sbr. 2. gr. laga nr. 74/2010, kemur: mánuði.

7. gr.

Í stað ártalanna „2015/2016“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögnum kemur: 2016/2017.

8. gr.

Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að draga allt að 5,3% frá viðmiðun leyfilegs heildarafla í makríl vegna makrílveiða íslenskra skipa árið 2017 og ráðstafa til aðgerða sem tilgreindar eru í 5. mgr. 8. gr. laganna á fiskveiðíárinu 2016/2017. Ráðherra er heimilt að skipta þessu aflamagni makríls í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundasamsetningu aflamagns í samræmi við 6. mgr. 8. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 2016.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Gunnar Bragi Sveinsson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 27. júní 2016